

Hafnarfjörður, 21. mars 2022
2008399 AME

Minnisblað starfsmanns skipulags

Vegna: 2008399 - Suðurgata 18, lóðarstækkun, breyting lóðar - umsögn vegna andmæla

Eftirfarandi svör voru send Katli Gunnarssyni 10.01.2022 vegna andmæla við lóðarstækkun; Andmæli Ketils gráletruð, svör skipulagsfulltrúa svartletruð að neðan:

1. Í fyrsta lagi er í tillögunni vísað til lóðastærðar fyrir breytingu, sem er ekki í gildandi deiliskipulagi og gefur því ranga mynd af breytingunni. Sú lóðarstærð sem vísað er í fyrir breytingu í tillögunni var felld úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar Skipulagsmála þann 13. Sept. 2012, sjá <https://uua.is/urleits/32-2008-sudurgata/>

Kærar þakkar fyrir þessa ábendingu - láðst hefur að uppfæra skipulagsupprátt frá 17.apríl 2008 til samræmis við úrskurð úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála frá 12.september 2008 varðandi stærð lóðarinnar Suðurgötu 18.
2. Í öðru lagi þá mótast þessi deiliskipulags breyting líklega af þörfum þess reksturs sem er í húsinu Suðurgötu 18. Sú starfsemi virðist vera gistihúsarekstur með á stundum eitthvað milli 10-20 erlenda verkamenn. Sá rekstur hefur verið í nokkur ár án nokkurra afskipta opinberra aðila annarra en lögreglu sem var kölluð til nokkuð ítrekað sökum óláta. Það ástand hefur reyndar skánað síðasta árið. Engu að síður eru hérna hinumegin við götuna á bilinu 6-10 bílaleigubílar hverja einustu nótt.

Deiliskipulagsbreytingin fjallar ekki um né tekur til starfsemi á lóðinni.
3. Í þriðja lagi. Er til samþykki fyrir þessum gistihúsa rekstri hjá bæjaryfirvöldum og/eða slökkviliði ?. Er húsnæðið skráð til gistingar fyrir þann fjölda sem þar gistir ?. Eru bæjaryfirvöld með vitneskju/skoðun á þessari starfsemi eða er bara deiliskipulag tillaga samþykkt fyrir þarfir reksturs, sem jafnvel er ekki heimild fyrir í húsinu ?. Einu opinberu aðilarnir sem undirritaður hefur séð við húsið fyrir utan Lögreglu var Vinnueftirlitið sem kom og stöðvaði alla viðhalds vinnu við húsið. Að mér skildist vegna brota á öryggi starfsmanna sem unnu verkið, Starfsmenn sem bjuggu í húsinu á þeim tíma.

Vitneskja er um þessa starfsemi og er málið í vinnslu hjá öðrum aðilum hjá Hafnarfjarðarbæ.

Deiliskipulagsbreytingin fjallar ekki um né tekur til starfsemi á lóðinni.

4.

Í fjórða lagi. Ef það á að festa þennan gistihúsa rekstur í sessi með þessari deiliskipulagsbreytingu, þá er eiginlega vart á átroðning hér í götunni að bæta. Félagsmiðstöðin Hamarinn er næsta hús við. Virðingarverð starfssemi og ekkert sérstakt ónæði af henni þannig. Engu að síður, þrátt fyrir yfirlýsingar um annað, þá virðist öll umferð og skutli að húsinu fara fram Suðurgötu megin, langt fram eftir öllum kvöldum. Meðan inngangur neðan megin við húsið virðist vera nánast ónotaður eftir skrifstofutíma, þeim megin er nóg af stæðum og myndi henta mun betur sem aðkoma.

Eins og áður sagði tekur deiliskipulagstillagan ekki til starfsemi á lóð Suðurgötu 18 né liggur fyrir umsókn um ofangreinda starfsemi hjá embættinu. Erfitt er að hafa stjórn á skutli til og frá húsinu.

5.

Í fimmta lagi. Þá hefur umferð og umferðarhraði aukist verulega hér á Suðurgötu við þéttingu byggðar, bygginga framkvæmdir og aukna starfssemi í götunni. Við sem búum við götuna með börn höfum af þessu sérstakar áhyggur enda virðist þétting byggðar vera eina markmiðið án þess að spáð sé í alla þá umferð sem slíkt veldur á þessum eldri þröngu götum sem liggja inn í hverfin. Hér er verið að þetta byggð niðrá horni við Lækjargötu og þá verða nánast engin stæði eftir í götunni fyrir samkomur í Gúttó, allavega ekki ef safnaðarheimilið er með sín stæði full. Byggð hefur verið þétt við Hamars og Hellubraut sem keyrir öll hér í gegn. St Jósefs starfsemin fer öll hér í gegn, slatti af Flensborgarstarfsseminni fer hér í gegn á leið úr skólanum. Svo eru vist áform um að breyta Kató fyrir fram St Jósefs í enn eina blokkina. Allt mun þetta valda enn meiri umferð um Suðurgötuna.

Takk fyrir ábendinguna

6.

Í sjötta lagi. Íbúar hafa brugðist við þessari örtröð og umferð sem er hérna í götunni með því að taka af lóðum sínum fyrir bílastæði, undirritaður þar með talin. Þau 10 íbúðarhús sem eru frá Gúttó að Selvogsgötu eru búin að taka af sínum lóðum ein 17-18 bílastæði. Slíkt má þó ekki verða til þess að skipulagsyfirvöld horfi alfarið framhjá þeim vandamálum sem eru til staðar og auki á vanda íbúa með sínum ákvörðunum. Líkt og gert var þegar samþykkt var 40 herbergja 1700 fermetra hótél í götunni að Suðurgötu 18. Sjá úrskurð Úrskurðarnefndar skipulagsmála sem vísað er í hér að ofan, þar sem sú deiluskipulags ákvörðun var felld úr gildi.

Takk fyrir ábendinguna

